

1139. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. desember 2015, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1138. stjórnarfundar lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1138. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál

Ólafía Björk sagði að nokkur umræða hafi skapast í fjölmiðlum um kröfu um lækkun tryggingargjalds. Hún steig inni þá umræðu vegna þess að þetta hefur verið hluti af okkar skilningi ásamt SA vegna rammasamkomulagsins. Hún hefur rætt þessi mál við ýmsa aðila m.a. aðstoðarmann ráðherra.

Á morgun eiga fulltrúar SALEK hóps fund með ríkisvaldi um samninginn og forsendur hans.

Þann 1. desember sl. var fundur með velferðarráðherra og var þar m.a. rædd hækkun fæðingarorlofsgreiðslna og þjónusta við atvinnuleitendur. Við viljum gjarnan bjóða slíka þjónustu í samvinnu við hið opinbera eins og gert var með STARF samstarfinu. Einnig voru rædd málefni eldra fólks á vinnumarkaði og hugað að ráðstefnu um málefnið á næsta ári og svo voru að auki rædd málefni útlendinga á vinnumarkaði. Bendir hún fundarmönnum á að skoða vefsíðuna www.workaway.info þar sem m.a. megi sjá auglýsingar frá íslenskum fyrirtækjum sem sækjast eftir útlendingum til starfa hér án þess að greiða eigi kjarasamningsbundnar launagreiðslur. Þetta verðum við að skoða mjög alvarlega.

Nýlega hefur hún einnig átt viðræður við fulltrúa stjórnvalda um nýtt afsláttarkerfi í heilbrigðisþjónustu sem unnið er við að stilla upp og rakti nokkra þætti sem til umræðu hafa verið.

Undir þessum dagsrárlið ræddi Ólafía Björk einnig um auglýsingu okkar eftir stjórnarmönnum í Lífeyrissjóð verzlunarmanna og sagði ekki margar umsóknir enn hafa borist en umsóknarfrestur rennur út þann 16. desember nk. Ef fleiri en 16 umsóknir berast verða umsóknir skoðaðar fyrst hjá ráðningastofu samkvæmt reglum. Síðan munum við halda sérstakan stjórnarfund í janúar til þess að skipa þá 2 sem stjórn er ætlað að skipa.

Minnir hún á að ef einhver stjórnarmanna ætlar sér að sækja um þá verður hann að víkja af þeim fundi og er ekki heimilt að kjósa um þá sem eru umsækjendur.

Ræddi hún einnig samstarfssamning VR og Lífeyrissjóðs verzlunarmanna vegna stjórnarkjörs og segir hann barn síns tíma sem þurfi að endurskoða m.a. sé ljóst að formaður og varaformaður stjórnar sjóðsins geti ekki verið í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðurinn er að fjárfesta í.

Umræður.

3. 9 mánaða uppgjör

Stefán lagði fram skjölin „*Raun vs áætlun – janúar – september - Samstæða 2015*“ og „*Raun vs áætlun – janúar – september - Samstæða 2015 - deildarskipt*“ og fór yfir efni þeirra á skjávarpa. Byrjaði hann á að fara yfir helstu lykiltölur og kom m.a. fram að félagsmenn eru nú um 31 þúsund og hefur fjölgun orðið um 3% milli ára. 20% færri afgreiðslur hafa verið í móttöku, 2% færri símtöl en 74,4% aukning heimsókna á heimasíðu VR. Þá hafi orðið 12% aukning pósta á veffangið vr@vr.is.

Samtals tekjur á tímabilinu eru kr. 2.2 milljarðar, gjöld kr. 2.1 milljarður og rekstartekjur umframgjöld kr. 185.8 milljónir.

Fjármagnsliðir alls eru kr. 430.1 milljón og hreinar tekjur til ráðstöfunar kr. 615.9 milljónir.

Aukning hefur orðið á iðgjöldum um kr. 165 milljónir milli ára.

Aukning hefur orðið í sölu gjafabréfa í flug og einnig varð kostnaður meiri við viðhald orlofshúsa heldur en áætlað var. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er hins vegar undir áætlun.

Þá skoðaði Stefán deildarskipt uppgjör. Ánægjulegt er að sjúkrasjóður er rekinn með kr. 58 milljónir í plús og orlofssjóður kr. 68 milljónir í plús.

Umræður.

Stefán ræddi framlag í varasjóð sem rætt hefur verið um að væri um 600 milljónir kr. en hann telur að staða sjúkrasjóðs sé þannig að betra væri að það væri um kr. 550 milljónir en við þurfum að hinkra og sjá hvernig mál þróast og ræða er nær dregur.

4. Áætlun 2016

Ólafía Björk sagði að áætlun hafi verið kynnt á síðasta fundi og hefur legið milli funda.

Stefán sagði frá fáeinum breytingum sem orðið hafa á áætlun frá fyrri fundi en sem breyta litlu um heildarfjárhæð t.d. að nú er gert ráð fyrir jólaskemmtun barna og einnig að fækkað er um eitt prentað tölublað VR blaðs sem verður í staðin gefið út rafrænt.

Umræður og fyrirspurnir.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk áætlun 2016, eins og hún hefur verið kynnt og rædd, upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

5. Skipun í kjörstjórn VR 2016

Ólafía Björk fór nokkrum orðum um skipan í kjörstjórn samkvæmt 19. gr. laga VR og lagði til að stjórn VR myndi tilnefna fyrir árið 2016 sömu aðila og tilnefndir voru síðast en það eru:

Aðalmenn:

Hjördís Jónsdóttir
Þorsteinn Þórólfsson

Varamenn:

Þóra Skúladóttir
Jón Hrafn Guðjónsson

Ekki komu fram aðrar tillögur og var þá tillaga Ólafíu Bjarkar um að tilnefna sömu kjörstjórnarmenn og síðast, borin upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

6. Starfsreglur jafnréttisnefndar VR

Helga sagði stuttlega frá vinnu og fundum jafnréttisnefndar en nefndina skipa eftirfarandi:

Helga Ingólfssdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Svanhildur Þórsteinsdóttir

Varamaður
Sigmundur Halldórsson

Starfsmaður nefndarinnar er Steinunn Böðvarsdóttir

Þá næst kynnti Helga og las upp drög að starfsreglum og hlutverki nefndarinnar sem þau hafa verið að vinna. Þetta er til kynningar nú og síðan til samþykktar á næsta fundi.

Umræður.

Í umræðum komu fram nokkrar breytingartillögur sem bætt var við framkomin drög sem líta því svona út eftir breytingar:

Drög

Starfsreglur og hlutverk jafnréttisnefndar VR

1. gr.

Jafnréttisnefnd VR er stofnuð af stjórn VR í september 2015 með það að meginmarkmiði að fjalla um jafnrétti og mannréttindi launamanna á vinnumarkaði. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins á þessum vettvangi til að styrkja stöðu félagsmanna sinna, án allrar aðgreiningar.

2. gr.

Nefndin skal setja niður markmið félagsins í jafnréttis- og mannréttindamálum til tveggja ára í senn sem og aðgerðaáætlun og leggja fyrir stjórn VR til samþykktar.

3. gr.

Hjá félaginu skal stefnt að því að liggi fyrir þekking og kunnátta á jafnréttis- og mannréttindamálum og skal afla upplýsinga, ef þörf krefur, svo félagið geti beitt sér markvisst á þessum vettvangi.

4. gr.

Jafnréttisnefnd skal funda að jafnaði mánaðarlega en eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári. Ritari nefndarinnar er starfsmaður VR.

5. gr.

Stjórn VR skipar jafnréttisnefnd til eins árs í senn, eigi síðar en á öðrum stjórnarfundum eftir aðalfund.

Fundi var slitið kl. 20:30
Árni Leósson, fundarritari